



21. nóvember 2022

Tilv.: 2211043

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi (búsetuskilyrði stjórnenda), 381. mál.

Með tölvupósti, dags. 8. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á 5. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2022, um fjármálafyrirtæki og 1. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi sem varða búsetuskilyrði stjórnenda.

Með frumvarpinu er nánar tiltekið lagt til að ríkisborgarar ríkja sem séu aðilar að EES-samningnum eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja verði undanþegnir búsetuskilyrðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. Ríkisborgarar þessara ríkja muni því ekki þurfa að vera búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu eða í OECD ríki til að geta verið stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir því að framkvæmdastjórar þurfi ekki að vera búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu til að geta starfað sem slíkir í sömu fyrirtækjum.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að breytingum þess sé ætlað að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram komu í formlegu bréfi, dags. 4. nóvember 2015, og rökstuddu álitum, dags. 11. desember 2019. Þá er þar jafnframt vísað til niðurstöðu dóms EFTA dómstólsins í máli nr. E-9/20 þar sem sambærileg búsetuskilyrði voru talin andstæð 31. gr. EES-samningsins um staðfesturétt. Í framhaldinu er síðan rakið að sambærilegar breytingar hafi þegar verið gerðar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, og lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

Seðlabankinn styður þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu en leggur til að sambærilegar breytingar verði jafnframt gerðar á ákvæði 3. másl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem varðar búsetuskilyrði stjórnenda lífeyrissjóða.

Að mati Seðlabankans eiga sömu rök þar einnig við varðandi ósamræmanleika ákvæðisins við ákvæði 31. gr. EES-samningsins um staðfesturétt auk þess sem Seðlabankinn telur eðlilegt og æskilegt að gætt sé samræmis á milli mismunandi tegunda eftirlitsskyldra aðila hvað slíkar kröfur varðar. Slíkur samræmanleiki stuðlar að mati bankans enn fremur að því að standa vörð um trúverðugleika á fjármálamarkaði og við fjármálaeftirlit almennt.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og váttryggingar

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir